

130. löggjafarþing 2003–2004.  
Þskj. 808 — 533. mál.

## Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um veiðar á lúðu, skötu og hákarli.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hver hefur verið árlegur skötu-, hákarls- og lúðuafli? Óskað er upplýsinga eins langt aftur og skráningar ná.
2. Hafa verið gerðar sérstakar rannsóknir á ástandi þessara tegunda? Sé svo er óskað eftir upplýsingum um stærð og þróun stofnanna ef upplýsingar liggja fyrir.
3. Hvert er mat sérfræðinga á því hvort tegundirnar séu undir of miklu veiðiálagi eða hvort staða þeirra sé viðunandi?

Skriflegt svar óskast.